

Seltjarnarnesi 07.03.2023.

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2022-2023.

FEBSEL er stofnað 12.09.2015 vegna kröfu í lögum um stofnun Öldungaráðs Seltjarnarness. Félagið er formlegur samráðsvettvangur, þar sem fjallað eru um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála í bænum.

Öldungaráð skipa: 3 menn frá FEBSEL, 3 menn frá bænum og formaður er skipaður af bæjarstjórn.

MISSKILNINGS hefur gætt meðal sumra félagsmanna um að FEBSEL eigi að sjá um dægradvöl, námskeið og skemmtanir eldri borgara á Nesinu.

KRISTÍN HANNESDÓTTIR sér um þann hluta af mikilum dugnaði og útsjónasemi. Mikil þátttaka er í flestum viðburðum og mikil ánægja allra þeirra sem þátt taka í félagsstarfinu. Þetta starf var löngu byrjað áður en FEBSEL var stofnað og engin þörf á því að breyta því fyrirkomulagi. Stjórn FEBSEL hefur verið í góðu samstarfi við Kristínu og allir opnir fyrir áframhaldandi þróun í því efni. Vill stjórn FEBSEL hvetja félagsmenn til að koma með áhugamál sín eða hugmyndir að námskeiðum til Kristínar eða FEBSEL og við getum athugað hvað hægt er að gera.

LÖG FEBSEL kveðja á um að félagið eigi að: VINNA AÐ VELFERÐARMÁLUM ELDRI BORGARA MEÐÞVÍ AÐ:

- a) Vekja athygli bæjarstjórnar og íbúa og auka skilning almennings, ríkis og sveitarfélags á þörfum eldri borgara og þar með efla félagslegt og efnahagslegt öryggi eldra fólks.
- b) Stuðla að fjölbreyttri þjónustu við eldri borgara sem miðar að því að viðhalda andlegri og líkamlegri virkni þeirra og lífsgæðum.
- c) Efla tómstunda- og félagsstarf meðal eldri borgara (Kristín Hannesd.).
- d) Vinna að öðrum þeim málum sem til hagsbóta teljast fyrir eldri borgara.
- e) Vinna að úrbótum í húsnæðismálum eldri borgara.
- f) Fylgjast með lagasetningu Alþingis sem varðar hagsmuni eldri borgara og beita áhrifum sínum með viðræðum, samstarfi og samningum við ríkisstjórn og sveitarfélög m.a.með tilnefningu fulltrúa í nefndir og ráð.
- g) Félagið er óháð stjórn málaflökkum og tekur ekki afstöðu til trúmála.



Miðað við vinnu stjórnar síðan á síðasta aðalfundi 05.04.22 má segja að komið hafi verið inn á flest þessi mál sem talin eru upp hér að framan, málin rædd og reynt að poka þeim áfram á réttum vettvangi þeirra.

STJÓRN FEBSEL hélt 8 formlega fundi á tímabilinu. Auk þess voru setnir á nokkrir sameiginlegir fundir LANDSSAMBASNDSINS á ZOOM-FUNDUM með öllum formönnum ásamt stjórnarmönnum kringum allt landið. Fjölmennur Landsfundur setinn í Hafnarfirði í byrjun maí 2022. Ráðsetfna um húsnæðismál í framtíðinni sem haldin var í Laugarásbíói 16.02.23. Öll málefni þessara viðburða voru tíunduð á stjórnarfundum FEBSEL og má lesa um þau öll í fundargerðum félagsins.

FEBSEL er aðili að LEB (landssambandinu) og njóta okkar félagsmenn allra réttinda sem í því felst. Eitt af því og sem vinsælast er: AFSLÁTTARAPPIÐ-BÓKIN. Mjög vítækur og oft mikill afsláttur í verslunum og fyrirtækjum til handa eldri borgurum.

LEB hefur auk þess á árinu lagt mikla vinnu í nefndarstörf við gerð laga (sem vonandi fara í gegn á vorþinginu) sem miðast að því að **PERSÓNUMÍÐA ALLA ÞJÓNUSTU VIÐ ELÐRI BORGARA**, þ.e. að manneskja geti leitað á einn stað og fengið úrlausnir á sínum málum sem henta henni. Þetta tekur tíma og þarf mikla aðlögun og samruna margra þátta í starfi ríkis og sveitarfélaga. En vinna er hafin og vonandi fáum við að sjá einhvern árangur. LEB hefur einnig gengist fyrir verkefni í samvinnu við ÍSÍ og ríkið til að eldri borgarar hafi léttan aðgang að alls lags heryfingarmöguleikum í sínu nærumhverfi. AÐALFUNDUR LEB verður 09.05.2023 og aðaláhersla þess fundar verða KJARAMÁL eldri borgara. Hvet ég alla til að fylgjast með niðurstöðum af þeim fundi.

ÖLDUNGARÁÐ var endurskipað í haust eftir kosningarnar í vor. HILDIGUNNUR GUNNARSDÓTTIR er nýr formaður skipuð af bæjarstjórn. Petrea Ingibjörg Jónsdóttir lét af því starfi en er enn varaformaður ráðsins. FEBSEL ákvað í haust að marka sér nokkur áhersluatriði til að vinna að og ákváðum við að senda inn erindi fyrir 1. fund Öldungaráðsins um þau.

1. Húsnæði eldri borgara.
2. Heilbrigði, heilsufar og hreyfing.
3. Fjármál eldri borgara. (Kjaramál).
4. Framfaravogin.
5. Aðstaða fyrir félagsstarf eldri borgara.
6. Kominn tími á nýtt íbúaping.

Öldungaráðsfundur var haldinn 30.01.23. Ákveðið var þar að halda reglulega Öldungaráðsfundi fjórum sinnum á ári, en Covidið hafði veruleg áhrif á störf ráðsins má segja að fundir hafi nær fallið niður í tvö ár, en vonandi næst að halda þessari áætlun.

Af fundinum voru nokkur málanna hér að ofan voru tekin til vinnslu innan sinna sviða bæjarins. T.d. eru komnar af stað viðræður við BÓKASAFNIÐ um að hægt sé að



nýta aðstöðuna þar fyrir verkefni á vegum FEBSEL, lestrarklúbbar, tölvukennsla, handavinna, fyrirlestrar hafa verið nefndir. GRÓTTUmenn eru líku áhugasamir um margt og t.d. kom fram að þeir gætu vel hugsað sér SJÁLFBODALIÐA ELÐRI BORGARA á leikjum og mótum sem GRÓTTA setndur fyrir. Ætti fólk að athuga það sem áhuga hefur á íþróttum og þykir gaman að fylgjast með, Gunnlaugur Jónsson er forsvarsmaður þessa.

JANUSAR-VERKEFNIÐ gengur vel og eru nú um 120 manns sem sækja æfingar. Þeir hafa líka staðið fyrir fræðandi fyrirlestrum sem vel hafa verið vel sóttir og einnig var fjölmenní í Golfskálanum í vellukkuðu jólahlaðborði í desember.

FORVARNARRÁÐ var skipað af bæjarstjórn og var kallað eftir nefndarmanni frá FEBSEL til að taka þátt. SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR er fulltrúi félagsins í nefndinni og segir frá starfinu sem snýr að eldri borgurum hér á eftir.

Nú þegar ný stjórn tekur við hverfur einn reyndasti meðlimur stjórnarinnar af vettvangi **PETREA INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR** sem gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu. STJÓRN FEBSEL vill nota þetta tækifæri og þakka henni sérstaklega fyrir velunnin störf og óskar henni alls hins besta í framtíðinni.

F.h.stjórnar Félags eldri borgara Seltjarnarnesi

Kristbjörg Ólafsdóttir, formaður.